

Sp.

221. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkisjóðs til flóabáta og fólks- og vöruflutninga. Hefur nefndin að venju haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur gert grein fyrir athugunum sínum á rekstri og rekstraráætlunum ýmissa flóabáta. Telur hann, að sjaldan eða aldrei hafi verið erfiðara en nú að mynda sér ákveðna skoðun um rekstur hinna einstöku flóabáta vegna byltinga í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Ljóst er, að útgerðarkostnaður bátanna hefur stórauðist. Hækkað olíuverð bitnar á þessum rekstri af fullum þunga. Þar er ekki um niðurgreiðslur að ræða. Önnur óhjákvæmileg rekstrarútgjöld hækka. Ekki er unnt að hækka flutnings- og fargjöld það mikið, að þau geti vegið á móti auknum útgjöldum. Á hinn bóginn er hér yfirleitt um svo mikilvæga þjónustu að ræða fyrir byggðir landsins, að hún má með engu móti niður falla.

Á undanförunum árum hafa nokkrir styrkir verið veittir til að halda uppi vetrarflutningum og nauðsynlegum ferðum í snjóþungum byggðarlögum. Koma þar einkum til greina styrkir til snjóþjónu. Slik ökutæki verða að vera traust og öflug. Kaupverð þeirra er því hátt og rekstrarkostnaður mikill. Viða hagar svo til, að ekki verður hjá því komist að hafa slík samgöngutæki til öryggis, ef slys eða veikindi ber að höndum. Svo er t. d. um þau byggðarlög, sem ekki hafa haft héraðslækna að staðaldri að undanförunu. Nefndin hefur talið rétt og raunar skylt nú sem áður að stuðla að því, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum og öryggisþjónustu í byggðum landsins með framangreindum hætti.

Þó að framlög til flóabáta og vöru- og fólksflutninga hafi hækkað allmikið að krónutölu ár frá ári, hafa þau ekki nægt til að fullnægja fjárförf viðkomandi aðila. Flestir þeirra berjast í bökkum og sumir þeirra eiga við alvarleg fjárhagsvanddræði að glíma. Að athuguðu máli taldi nefndin óhjákvæmilegt að hækka styrki þessa verulega að þessu sinni. Munar þar mest um hækkun til fjögurra stærstu flóabátanna. Reynt hefur verið að vega og meta réttilega allar umsóknir, sem borist hafa, og ganga sem lengst til móts við sanngjarnar óskir umsækjenda með hagsmuni heildarinnar fyrir augum.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur uppi ferðum um farsvæði sitt með líkum hætti og verið hefur. Hann annast mjólkurflutninga til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar tvisvar í viku að vetrinum og flytur auk þess vörur og farþega eftir þörfum. Þá fer báturinn til Grímseyjar og Hríseyjar tvisvar í mánuði. Yfir miðsumarið eru farnar aukaferðir til Grímseyjar og Hríseyjar með lystifarþega og flutninga. Nefndin leggur til, að framlag til bátsins verði 12 millj. kr. á árinu 1975. Lagt er til, að framlag til Hríseyjarbáts verði 550 þús. kr. og 200 þús. kr. í stofnstyrk. Sá bátur gengur milli Dalvíkur og Hríseyjar. Þá er lagt til, að Grímseyjarflug fái styrk að fjárhæð 500 þús. kr. Veittur er styrkur til nokkurra snjóbifreiða í Norðlendingafjórðungi.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts verði 800 þús. kr., auk 50 þús. kr. í stofnstyrk. Margar snjóbifreiðar á Austfjörðum fá rekstrarstyrki að tillögu nefndarinnar, enda eru þar víða snjóþungir og erfiðir fjallvegir. Þær eru taldar veita mikla og gagnlega þjónustu.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggða í Vestur-Skaftafellssýslu eru kostnaðarsamir. Hafa þeir verið greiddir nokkuð niður undanfarin ár. Nefndin leggur til, að 2 millj. kr. verði varið til að lækka kostnað við þessa vöruflutninga.

Faxaflóasamgöngur.

Flóabáturinn Akraborg heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur. Tekjur eru einkum af farþegaflutningi, en einnig flutningi bíla og varnings. Hf. Skallagrímur, sem annast rekstur Akraborgar, skipti um skip á þessu ári. Keypt var norskt ferjuskip „Tungenes“, sem nú ber nafnið Akraborg. Hefur það skip verið í ferðum þessum síðari hluta ársins. Ekki hefur full reynsla fengist af notagildi þess, m. a. af því, að hafnaraðstaða er ófullnægjandi bæði á Akranesi og Reykjavík hvað það snertir. Unnið er að endurbótum á báðum stöðum. Miðað er að því, að þeim umbótum verði lokið í vor. Breytist þá aðstaða öll mjög til batnaðar. Erfitt er að meta fjárhörfina á þessu stigi málsins, en að sjálfsögðu er hér um fjölfarna samgönguleið að ræða, sem veitir mikilvæga þjónustu. Flutningsgeta skipsins er mikil fyrir fólk, bifreiðar og varning. Nefndin leggur til, að styrkur til Hf. Skallagríms verði 15 millj. kr. á næsta ári.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi annast flutninga milli Reykjavíkur og Breiðafjarðabyggða. Hann heldur uppi ferðum og flutningum um Breiðafjörð, Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Áætlunarferðir milli Brjánslækjar á Barðaströnd og Stykkishólms með viðkomu í Flatey í báðum leiðum urðu samtals 72 á þessu ári til 1. október. Auk þess hefur báturinn viðkomu í Hvallátrum, Svefneyjum og Firði í Múlasveit eftir atvikum. Haður bátsins er erfiður. Stofnstyrkur er nú felldur niður, en nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur hækki og verði 17 millj. kr.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, m. a. vegna mjólkurflutninga. Báturinn á nú í erfiðleikum. Lagt er til, að hann fái 13 millj. kr. í rekstrarstyrk, auk 200 þús.

kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði. — Veittir eru nokkrir styrkir til vetrarflutninga og snjóþífreiða í Vestfirðingafjórðungi, m. a. í Barðastrandarsýslu, á Botnsheiði og Hólmavík.

Almenn ályktun.

Nefndin varð sammála um það, að æskilegt væri, að miklu nákvæmari gögn fylgdu fjárbeiðnum flóabátanna í framtíðinni og sjá þyrfti til þess, að komið yrði fastara skipulagi á þessi mál og nákvæmara eftirliti með rekstri bátanna. Jafnframt þyrfti að fylgja hverri fjárbeiðni til nefndarinnar glögg greinargerð um þörf og aðstöðu alla, þegar sótt er um styrki til snjóþífreiða og vetrarsamgangna.

Enn fremur er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra aðila verði hagað þannig í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Samkvæmt framanrituðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóþífreiða, fólks- og vöruflutninga verði á árinu 1975 71 090 000 kr. og skiptist sú fjárhæð þannig:

1. Norðurlandsbáturinn Drangur	12 000 þús. kr.
2. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	180 — —
3. Hríseyjarbátur	550 — —
Sami, stofnkostnaður	200 — —
4. Grímsey vegna flugferða	500 — —
5. Til snjóþífreiða í Dalvíkurlæknishéraði	200 — —
6. Miðafjarðarbátur	800 — —
Sami, stofnkostnaður	50 — —
7. Snjóþífreið í Vopnafirði	200 — —
8. Snjóþífreið á Fjarðarheiði	1 000 — —
Sami, stofnkostnaður	500 — —
9. Snjóþífreið á Fagradal	270 — —
10. Snjóþífreið á Oddsskarð	800 — —
Sami, stofnkostnaður	200 — —
11. Snjóþífreið á Fljótdalshéraði	170 — —
12. Snjóþífreið í Borgarfirði eystra	200 — —
13. Snjóþífreið Stöðvarfjörður-Egilsstaðaflugvöllur	250 — —
14. Til vöruflutninga á Suðurlandi	2 000 — —
15. Vestmannaeyjar vegna mjólkurflutninga	1 300 — —
16. Hf. Skallagrímur	15 000 — —
17. Mýrabátur	30 — —
18. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurbreppi	120 — —
19. Stykkishólmsbáturinn Baldur	17 000 — —
20. Lanseyjarnesbátur	250 — —
Sami, stofnstyrkur	150 — —
21. Snjóþífreið í Austur-Barðastrandarsýslu	180 — —
22. Til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu	550 — —
23. Dýrafjarðarbátur	150 — —
24. Snjóþífreið um Botnsheiði	370 — —
25. Djúpbáturinn h/f Fagranes	13 000 — —
Sami vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði	200 — —
26. Snjóþífreið í Þórshafnarhéraði	200 — —
27. Snjóþífreiðar á Akureyri	300 — —
Sami, stofnstyrkur	300 — —
28. Til vetrarflutninga á Lónsheiði	300 — —
29. Snjóþífreið, Axarfjörður-Kópasker	300 — —

30. Snjóbifreið á Hól mavík	220	—	—
Sami, stofnstyrkur	200	—	—
31. Snjóbifreið í Háls hreppi, S.-Þing.	220	—	—
32. Vetrarflutningar, Skarðshreppi, Dölum	80	—	—
33. Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshreppi	300	—	—
34. Snjóbifreið, A.-Hún.	100	—	—
35. Egilsstaðir-Seyðisfjörður, mjólkurflutningar	200	—	—
			Samtals 71 090 þús. kr.

Alþingi, 19. des. 1974.

Friðjón Þórðarson, form. Nd.-nefndar.	Jón Helgason, form. Ed.-nefndar.	Sverrir Hermannsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Garðar Sigurðsson, með fyrirvara.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Stefán Valgeirsson.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Páll Pétursson.
Jón G. Sólmes.	Steinþór Gestsson.	Stefán Jónsson.
Jón Árnason.	Eggert G. Þorsteinsson.	